

Skólaráðsfundur BES 29. nóvember 2021

- Haldinn á Eyrarbakka kl. 14:30

Boðaðir voru:

Páll Sveinsson, skólastjóri

Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Guðný Ósk Vilmundardóttir, fulltrúi kennara

Drífa Pálin Geirsdóttir, fulltrúi foreldrafélags

Guðmundur Ármann, fulltrúi foreldra

Sigmar Ólafsson, fulltrúi grendarsamfélags

Ósk Pálsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Klaudia Joanna Figlarska 10.b. fulltrúi nemenda

Gabriel Róbert Atlason 9. b fulltrúi nemenda

Ragna Berg sat sem staðgengill Guðrúnar Bjargar sem boðaði forföll. Guðný, Ósk og Gabriel boðuðu forföll.

Fundarefni eru þessi:

1. Skólastarfið það sem af er árinu.

Páll sagði frá skólastarfinu það sem af er.

a. Starfsmannamál

Páll sagði frá stöðu starfsmannamála, langtímaveikindum og fleira því tengt. Einnig frá verulega góðum niðurstöðum úr starfsmannakönnun Árborgar sem fyrir tækið Maskína framkvæmdi í nóvember s.l. Þar kemur fram að líðan og starfsánægja starfsmanna BES er vel yfir meðaltali annarra stofnana í Árborg.

b. Aðstöðumál

Páll sagði frá öryggisumbótum á skólalóð á Stokkseyri. Fundurinn fagnaði breytingunum og lýsti yfir ánægju með vel heppnaðar breytingar.

Páll sagði frá því að alla skólaíþróttir hafi verið kenndar á Stað Eyrarbakka frá 1. október vegna lélegra og ófullnægjandi aðstæðna í íþróttahúsi á Stokkseyri.

Páll sagði frá því að minnisblað til bæjarstjórnar er í vinnslu, minnisblað sem tíundar slæman húsakost BES, sérstaklega húsnæðið á Eyrarbakka og kennsluhús íþróttta. Fundurinn tekur undir að slíkt minnisblað sé unnið og lýsir yfir verulegum áhyggjum af þeim húsakosti sem BES býr við.

c. Starfsáætlun

Páll sagði stuttlega frá starfsáætlun og vísaði í hana á heimasíðu skólans.

d. Rekstaráætlun

Páll sagði frá helstu þáttum í rekstaráætlun skólans yfir árið 2022.

2. **Bes lítur sér nær**

Páll sagði frá skólamála fundi sem fram fór í BES 10. nóvember s.l. þar sem nærumhverfisverkefni skólans var til kynningar og umfjöllunar. Fundurinn var mjög öflugur og margar flottar hugmyndir komnar fram. Fyrsta samvinnan lítur dagsins ljós í janúar 2022.

3. **Skólasýn**

Páll sagði frá vinnu sem hefur verið unnin í tæpt ár er miðar að vinnu við að skapa skólasýn BES. Þar er sérstaða skólans dregin fram og eftir hvaða línunum er unnið í skólanum. Páll óskar eftir álitum frá skólaráði, mun senda vinnuna sem nú er unnin á meðlimi ráðsins.

4. **Covid 19**

Páll sagði frá þróun og síðustu vendingum.

5. **Afmæli skólans 2022**

Páll sagði frá að á næsta ári verður 170 ára afmæli skólans þann 25. október 2022, fé hefur verið eyrnamerkt til hátíðarhalda. Afmælisnefnd verður skipuð í janúar 2022.

6. Önnur mál

- Spurt var um fræðlu frá samtökunum 78, hvenær hún yrði. *Forvarnarteymi Árborgar er að skipuleggja fræðslu fyrir 5. -10. bekk í upphafi næsta árs.*
- Spurt var um nýjan sófa fyrir nemendur á Eyrarbakka. Páll sagði það vera á dagskrá eftir áramót.

Fundi slitið kl. 16:00.

PS